

## Svar við fyrirspurn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Greiðslur til verktaka og fjölda þeirra hjá sviðum borgarinnar og ráðhúsi

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, sem barst þann 8. febrúar sl., um greiðslur til verktaka og fjölda þeirra hjá sviðum borgarinnar og ráðhúsi. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Reykjavíkurborg hefur farið leið ríkisins að segja upp starfsfólki og ráða í stað verktaka. Um er að ræða nokkurn blekkingarleik því launakostnaðurinn virðist lækka eða standa í stað á meðan verktakagreiðslur eru færðar á rekstur. Þessi aðferð er sérstaklega áberandi á þjónustu- og nýsköpunarsviði. Á þessum grunni eru þessar fyrirspurnir lagðar fram: 1. Hvað eru margir verktakar á fjármála- og áhættustýringarsviði og hvað voru greiðslurnar til þeirra tæmandi talið árið 2020? 2. Hvað eru margir verktakar á íþrótt- og tómsundasviði og hvað voru greiðslurnar til þeirra tæmandi talið árið 2020? 3. Hvað eru margir verktakar á mannauðs- og ferðamálasviði og hvað voru greiðslurnar til þeirra tæmandi talið árið 2020? Hvað eru margir verktakar á skóla- og frístundasviði og hvað voru greiðslurnar til þeirra tæmandi talið árið 2020? 4. Hvað eru margir verktakar á umhverfis- og skipulagssviði og hvað voru greiðslurnar til þeirra tæmandi talið árið 2020? 5. Hvað eru margir verktakar á velferðarsviði og hvað voru greiðslurnar til þeirra tæmandi talið árið 2020? 6. Hvað eru margir verktakar á þjónustu- og nýsköpunarsviði og hvað voru greiðslurnar til þeirra tæmandi talið árið 2020? 7. Hvað eru margir verktakar á skrifstofu ráðhússins og hvað voru greiðslurnar til þeirra tæmandi talið árið 2020?“

Leitað var upplýsinga við fyrirspurninni hjá fagsviðum og skrifstofum í Ráðhúsinu eða þaðan sem þjónustan hefur verið keypt og má sjá í eftirfarandi svörum.

### Verktakavinna á fagsviðum Reykjavíkurborgar

Almennt sinna fáir aðilar verkefnum í verktakavinnu sem áður voru á hendi starfsmanna eða eru með starfsaðstöðu á starfsstöðvum hjá Reykjavíkurborg en þó eru nokkrar undantekningar þar á.

Á árinu 2020 voru 82 einstaklingar á menningar- og ferðamálasviði í tímabundinni verktakavinnu við mjög fjölbreytt og sérhæfð verkefni. Má þar nefna tæknimenn sýninga, hönnuðir, safnkennarar, höfundar greina, skýrsluskrif, prófarkalesarar og þýðendur, fornleifarannsóknir, o.s.frv.

MOF verktakavinna - íslenskir einstaklingar		
Árið 2020	fjöldi verktaka	upphæð
Listastasafn Reykjavíkur	44	26.588.864
Borgarbókasafn	2	234.578
Borgarsögusafn	16	6.802.752
Miðlægt	20	9.450.422
<b>Samtals</b>	<b>82</b>	<b>43.076.616</b>

Á skóla- og frístundasviði var keypt ýmis þjónusta af verktökum, stórum sem smáum á árinu 2020, hvort tveggja frá einstaklingum og fyrirtækjum. Enginn þeirra er þó í 100% verktakavinnu fyrir SFS né með starfsaðstöðu á starfsstöðvum sviðsins eða notar tól og tæki í eigu Reykjavíkurborgar.

Á umhverfis- og skipulagssviði hefur engum starfsmönnum verið sagt upp og verktakar ráðnir í staðinn. Vegna tímabundinna tilfallandi verkefna hafa verktakar verið ráðnir inn og voru þeir 4 talsins árið 2020 og námu greiðslur til þeirra 37.570.041 kr. Þrír starfsmenn sem hættu störfum vegna aldurs voru ráðnir inn sem verktakar tímabundið þar sem nýta þurfti þekkingu þeirra vegna afmarkaðra verkefna, m.a. á meðan verið var að þjálfa nýja starfsmenn. Greiðslur til þeirra námu 15.046.400 kr. árið 2020. Tveir þessara verktaka vinna ekki lengur fyrir umhverfis- og skipulagssvið.

Velferðarsvið keypti ýmsa þjónustu af verktökum á árinu 2020 og voru 103 aðilar með tæpar 25 m.kr. vegna þeirra verkefna. Enginn þeirra er í 100% verktakavinnu fyrir velferðarsvið, notar starfsaðstöðu þar né notar tól og tæki í eigu Reykjavíkurborgar.

Á fjármála- og áhættustýringarsviði (FAS) var keypt ýmis þjónusta af verktökum á árinu 2020. Enginn þeirra er í 100% verktakavinnu fyrir FAS. Ytri endurskoðendur eru með starfsaðstöðu hjá FAS og nota tól og tæki í eigu Reykjavíkurborgar tímabundið yfir uppgjörstímabil.

Á þjónustu- og nýsköpunarsviði eru engir starfandi verktakar. Eingöngu eru gerðir samningar við fyrirtæki og einungis eru gerðar kröfur um að þeir vinni á starfsstað Reykjavíkurborgar ef upplýsingaöryggi krefst þess.

*Haldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*